

2008 nr. 172 29. desember

Lög um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008

Tóku gildi 1. janúar 2009. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málnefnasvið sé tilgreint serstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ [Þeim ráðherra er fer með fjáreiður ríkisins er samkvæmt lögum þessum heimilt, fyrir hönd íslenska ríkisins, að veita fjárhagslega fyrirgreiðslu til að standa undir kostnaði af undirbúningi og rekstri dómsmála, sem kveðið er á um í 2. gr., fyrir erlendum dómstólum.]¹⁾

□ Fyrirgreiðsla sú sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skal byggj-

ast á samningi milli aðila og getur meðal annars falið í sér beinan fjárhagslegan styrk, lánveitingu eða fjárhagslega aðstoð að öðru leyti.

¹⁾ L. 126/2011, 504. gr.

■ **2. gr.**

□ Skilyrði fyrir veitingu fjárhagslegrar fyrirgreiðslu skv. 1. gr. eru eftirfarandi:

a. að fyrirhuguð málshöfðun lúti með einhverjum hætti að lögmæti íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar eða stjórnvaldsathafnar erlends stjórnvalds á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008 í garð íslenskra lögaðila,

b. að ætla megi að með málshöfðun fáiist niðurstaða sem sé mikilvæg fyrir íslenska almannahagsmuni og væri mögulega til þess fallin að styrkja hagsmuni Íslands á erlendri grundu.

■ **3. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir árslok 2009.